

Héraðsnefnd Árneseinga b.s.

1. fundur haldinn í Þingborg 8. maí 2013.

Héraðsnefnd Árneseinga b.s. hélt fyrsta fund sinn sem byggðasamlag í Þingborg hinn 8. maí 2013, skv. stofnsamningi samþykktum 17. des. 2012. Formaður framkvæmdastjórnar, Ari Thorarensen, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár:

1. **Fundargerðir framkvæmdastjórnar** nr. 1, 2 og 3 lagðar fram og staðfestar. Til máls tóku, auk formanns, Gunnar Þorgeirsson og Eggert Valur Guðmundsson.
2. **Fundargerðir stofnana og nefnda:**
 - a) **Brunavarnir Arnessýslu** frá 20. febrúar og 5. apríl 2013. Staðfestar. Til máls tóku Helgi Haraldsson, Gunnar Þorgeirsson og Eggert Valur Guðmundsson auk formanns.
Kristján Einarsson kom á fundinn og skýrði málefni B.Á. Undanfarið hafa B.Á verið að koma sér fyrir í nýju húsnæði. Ýmsar breytingar eru á döfni með nýjum lögum. Til stendur að slökkvilið og brunavarnir muni fá endurgr. virðisaukaskatt og verður það mál vonandi í höfn á næstunni. Erfitt er á köflum að ráða fram úr kaupsamningamálum vegna mismunandi/breytilegrar afstöðu aðildarsveitarfélaganna.
Málefni Brunavarna rædd vítt og breitt, s.s. tilhögun sjúkraflutninga og gagnsæi reikninga. Mest var þó rætt um áætlanir varðandi skógarelda, skipulag og verklag ef þannig vá ber að höndum. Einnig var rætt um hindranir eins og til dæmis læst hlið sem torveldað geta störf björgunaraðila.
Ákveðið var að fagráð og stjórn Brunavarna leggi fyrir haustfund áætlanir og framtíðarsýn stofnunarinnar. Til máls tóku Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Drífa Kristjánsdóttir, Ragnar Magnússon, Guðmundur Ármann Pétursson og Eypór Arnalds auk formanns.
 - b) **Fundargerð Almanna Árneseinga** nr. 14 frá 17. janúar og nr. 15. frá 26. apríl 2013 kynntar og staðfestar. Á fundinn kom Ásta Stefánsdóttir, skýrði frá **stefnumálum og skipulagi almanna** á mörgum sviðum. Ýmsa vá getur borið að höndum á landi allt frá fjöru til jökla; s.s. eldgos, flóð, kjarrelda og stór bísllys. Að þessu öllu þarf að hyggja, einnig að átta sig á mikilvægi þess að lýsa yfir neyðarástandi eins fljótt og verða má, er raunverulega vá ber

að höndum, og bregðast við eftir því. Gætum við t.d. lært af mismunandi viðbrögðum við óveðrinu mikla sem gerði á Norðurlandi í haust.

- c) Gunnar Þorgeirsson og Ásta Stefánsdóttir sögðu frá hugmyndum/áætlunum um **byggingu hjúkrunarrýmis** fyrir aldraða. Hvaða þau skoðað hvernig þessum málum er háttað bæði hér heima og erlendis. Mikil þörf er á því að hyggja að þessum málum því að biðlistar lengjast stöðugt í sýslunni. Sumar þessar stofnanir eru reknar á undanþágum. Einnig minntu fundarmenn á mikilvægi þess að aldraðir og aðrir sem þurfa hjúkrunarrými gæti verið nærri sínu fólki og/eða heimahögum.

Starfsnefnd skipuð Ástu Stefánsdóttur, Unni Þormóðsdóttur, Jóni G.

Valgeirssyni og Sveini Steinarssyni; henni falið að halda þessu máli gangandi; hún greini þörf/stöðu mála og framtíðarsýn. Skili greinargerð/tillögum þar að lútandi á haustfundi. Til máls tóku auk Gunnars og Ástu, þau Eyþór Arnalds, Guðmundur Ármann Pétursson, Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Sveinn Steinarsson, auk formanns.

3. Fundargerðir:

- Héraðsskjalasafns Árnesinga frá 6. feb. og 3. maí 2013.
- Tónlistarskóla Árnesinga nr. 162.
- Listasafns Árnesinga frá 19. febrúar 2013.
- Byggðasafns Árnesinga frá 12. feb. 5. mars og 12. apríl 2013.

Allar þessar fundargerðir staðfestar. Til máls tóku um þær: Sveinn Steinarsson, Eggert Valur Guðmundsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Drífa Kristjánsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór Arnalds, Stefán Jónsson og Gunnar Þorgeirsson auk formanns.

4. Reikningar stofnana sem heyra undir Héraðsnefnd Árnesinga bs.

Reikningarnir ræddir. Misbrestur er á í sumum tilfellum að auðvelt sé að bera saman rauntölur og áætlanir. Of oft berast gögn seint og illa, og reynast jafnvel ekki rétt. Vel má hugsa sér að koma ítarlegri ákvæðum varðandi þetta í erindisbréf stofnana. Fram kom sú hugmynd að æskilegt væri að forstöðumenn væru viðstaddir afgreiðslu reikninga og svöruðu fyrirspurnum ef þurfa þætti. Lagt er til að framkvæmdastjórn fari yfir öll þessi atriði. Til máls tóku Sandra Dís Hafþórsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Eggert Valur Guðmundsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór Arnalds, Drífa Kristjánsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Helgi S. Haraldsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir auk formanns.

Reikningar stofnana að lokum staðfestir.

Að loknum hádegisverði var fundi fram haldið.

5. Skýrslur forstöðumanna stofnana sem heyra undir Héraðsnefnd Árnesinga bs.

- Til máls tók Lýður Pálsson forstöðumaður **Byggðasafns Árnesinga** og sagði frá starfseminni á liðnu ári. Öflugt átak hefur verið í skráningu hjá stofnuninni. Talsverðar umræður urðu um hvernig efla mætti safnið enn frekar og fá fleiri gesti. Spurt var: Hvert skal stefna, hvar á að bera niður? Ef umsvif eru aukin, kallar það á meiri fjármuni. Fram kom að umhverfi safnahúsanna myndi njóta góðs af fyrirhuguðum framkvæmdum við breytingu á deiliskipulagi. Til máls tóku Guðmundur Ármann Pétursson, Sveinn Steinarsson, Stefán Jónsson, Ragnar Magnússon, Aldís Hafsteinsdóttir, og Eyþór Arnalds auk formanns.

- b) Þorsteinn Tryggvi Másson forstöðumaður **Héraðsskjalasafns Árnesinga** lagði fram vandaða ársskýrslu og sagði frá starfsemi safnsins. Mikill gestafjöldi og sífellt fleiri afhendingar kalla á nýtt húsnæði, því það sem nú er notað er fullnýtt og er það verkefni HÁ bs. og stjórnar safnsins að finna lausn á því. Þorsteinn telur æskilegast að hafa allt undir einu 500 m² þaki. Lagt er til að stjórn Héraðsskjalasafns geri tillögu að lausn húsnæðisvanda safnsins og skili henni til framkvæmdastjórnar HÁ bs. sem forvinnu fyrir haustfund. Til máls tóku Sveinn Steinarsson, Eyþór Arnalds, Gunnar Þorgeirsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir auk formanns.
- c) Inga Jónsdóttir forstöðumaður **Listasafns Árnesinga** sagði frá öflugri starfsemi Listasafnsins. Fyrir liggur greinagóð ársskýrsla. Safnið var stofnað í nóvember 1963 og verður þess minnst með ýmsum hætti, m.a. með því að efnu til tveggja fræðslusýninga sem unnar eru í samstarfi við Listasafn Íslands og Svavarssafn í Hornafirði. Sérstök afmælishátíð verður í nóvember. Inga vakti athygli á skemmtilegu, samansettu tölvuefni til sýningar á Netinu.
- d) Robert Darling kynnti starf **Tónlistarskóla Árnesinga** og lagði fram skýrslu um starfsemina. Færri eru í hálfu námi, fleiri í fullu eins og stefnt var að, en enn eru langir biðlistar. Ný hljóðfæri hafa verið keypt og almennt gott ástand í þeim málum. Til máls tóku Arna Ír Gunnarsdóttir, Drífa Kristjánsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

6. Byggingarsjóður FSU. Á döfinni er að bjóða út verklegar framkvæmdir í byrjun september. Nánar síðar.

7. Endurskoðun fjallskilasamþykktar. Ara Thorarensen falið að ganga formlega frá samþykktinni, sbr. 3 gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni.

8. Málefni Alviðru. Aðalsteinn Sveinsson fór yfir málið. Eins og kunnugt er, hefur Héraðsnefnd Árnesinga bs. hug á því að selja hlut sinn í Alviðru og hefur viðrað þær skoðanir við Landvernd, hinn eigandann. Engin starfsemi er nú í Alviðru og eyðilegt um að litast. Nauðsynlegt er að ársreikningar stofnunarinnar liggi fyrir, þegar framtíðaráætlanir eru gerðar. Stjórn falið að þreifa á hugmyndum sem fram komu á fundinum um hugsanleg skipti á landi og fylgja þessu máli eftir, Vonast er eftir farsælli lausn fyrir báða aðila hið fyrsta.

9. Kosningar. Í fagråd Brunavarna Árnessýslu var kosinn Gunnsteinn Ómarsson sveitarstjóri í Ölfusi.

10. Önnur mál.

a) **Stofnskrár.** Framkvæmdastjórn fær heimild fundarins til að ganga frá stofnskrá Listasafns Árnesinga þegar hún liggur fyrir.

b) **Fundargerð búfjárefnirlitsnefndar** nr. 30 frá 7. janúar 2013 lögð fram til kynningar. Þar kemur m.a. fram að miklar breytingar eru á döfinni í búfjárefnirliti, og mun MAST hafa það á sinni könnu. Ekki eru endanlega mótaðar starfsreglur í þessu skyni.

c) **Vefsíða HÁ bs.** Fundarmenn voru almennt sammála um að nýta betur síðuna, **stofnanir þyrftu að koma fundargerðum sínum þar inn**, þar sem þær væru aðgengilegar. **Það þarf að láta starfsmann vita ef breytingar verða** svo hægt sé að uppfæra. linda@gogg.is er sá aðili sem sér um það. Til máls tóku Gunnar

Þorgeirsson, Drífa Kristjánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og formaður.

Formaður framkvæmdastjórnar, Ari Thorarensen, þakkaði fundarmönnum góðan fund og viðurgjörning allan í Þingborg og sagði fundi slitið um kl. 16.00.

Halla Guðmundsdóttir
ritari Héraðsnefndar Árnesinga bs..

Fundinn sátu eftirtaldir:

Drífa Kristjánsdóttir	torfast@simnet.is
Aðalsteinn Sveinsson	adalsteinn@floahreppur.is
Björgvin Skafti Bjarnason	oddviti@skeidgnup.is
Gunnar Þorgeirsson	gunnar@gogg.is
Ragnar Magnússon	ragnar@fludir.is
Helgi Kjartansson	helgikj@gmail.com
Guðmundur Ármann Pétursson	gap@gogg.is
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir	johannayrj@hveragerdi.is
Stefán Jónsson	stefan@olfus.is
Eyþór Arnalds	arnalds@gmail.com
Helgi S. Haraldsson	hlh@eimskip.is
Eggert Valur Guðmundsson	eggertvalur@arborg.is
Sandra Dís Hafþórsdóttir	sandradis@arborg.is
Ingibjörg Garðarsdóttir	inga@arborg.is
Aldís Hafsteinsdóttir	aldis@hveragerdi.is
Ari B. Thorarensen	arith@simnet.is
Arna Ír Gunnarsdóttir	arna@arborg.is
Þórdís Eygló Sigurðardóttir	thordise@arborg.is
Sveinn Steinarsson	litlaland@simnet.is
(sign)	